



## Samvinnunefnd um málefni norðurslóða

býður til opins Norðurslóðadags í húsnæði  
Hafrannsóknastofnunar,  
Sjávarútvegshúsínu, Skúlagötu 4, ráðstefnusal 1. hæð

fimmtudaginn 14. nóvember 2013

kl. 09:00 – 17:30

## Norðurslóðadagurinn 2013

Fimmtudaginn 14. nóvember 2013

### Hvernig eflum við þátttöku íslensks vísindasamfélags í alþjóðlegri samvinnu og stefnumótun um norðurslóðir?

#### Aukið vægi alþjóðasamstarfs

Norðurslóðir hafa fengið aukið vægi í alþjóðlegri umræðu undanfarin ár og tengist það ekki síst hraðfara hnattrænum umhverfisbreytingum og samfélagslegum áhrifum þeirra á svæðinu. Á síðari árum hefur þátttaka íslenskra vísindamanna í alþjóðlegum rannsóknum á norðurslóðum aukist verulega. Ýmsar merkar rannsóknir eru unnar á mörgum sviðum norðurslóðavísinda, t.d. rannsóknir í veðurfræði og haffræði, rannsóknir á jöklum og vatnafari, rannsóknir í sjávarliffræði og á sjófuglum, og rannsóknir á gróðurfari og gróðurbreytingum. Þá hafa íslenskir mannfræðingar og aðrir félagsvísindamenn tekið þátt í margvíslegum alþjóðlegum rannsóknarverkefnum sem aukið hafa skilning á mannlifi og samfélags- og hagþróun á norðurslóðum.

Þær hnattrænu breytingar sem nýlifandi kynslóðir eru vitni að hafa svæðisbundnar afleiðingar og aðlögun í för með sér sem ekkert eitt samfélag rís undir. Þessar áskoranir eru þess eðlis að við þær verður aðeins fengist með víðtækri samvinnu vísindamanna, almennings og stjórvalda. Alþjóðlegar stofnanir svo sem Norðurskautsráðið, Norræna rannsóknaráðið (NordForsk), Evrópusambandið (Horizon 2020) og samtök vísindamanna, s.s. Alþjóðlega norðurskautsvísindaneftindin (IASC) leggja sívaxandi áherslu á rannsóknir á umhverfis- og samfélagsbreytingum á norðurslóðum og áhrifavöldum og afleiðingum þeirra. Einstök ríki eru einnig að efla rannsóknir á norðurslóðum, t.d. Noregur, Finnland, Frakkland og Kína, svo nokkur séu nefnd.

Á Norðurslóðadegi 2013 verður rætt um (1) hvernig íslenskt vísindasamfélag er í stakk búið til að mæta þeim áskorunum sem hraðfara breytingar á norðurslóðum hafa í för með sér og (2) hvernig vísindasamfélagið er undirbúið til að taka þátt í vaxandi alþjóðlegu samstarfi á þessu sviði. Fjallað verður á þverfaglegan hátt um framlag og verkefni íslenskra aðila sem koma að alþjóðlegri samvinnu í vöktun, rannsóknum og menntun á norðurslóðum. Kynnt verða viðfangsefni sem tengjast háskólamenntun, mannauði og stoðkerfi rannsókna, þ.m.t. umgjörð stofnana til samvinnu. Jafnframt verður fjallað um valin dæmi um samstarf fyrirtækja, háskóla og opinberra stofnana.

Samhliða fyrirlestrum og pallborðsumræðu kynna stofnanir og félög er tengjast viðfangs- og málefnum norðurslóða starfsemi sína og rannsóknir með veggspjöldum og öðru kynningarrefni í anddyri Sjávarútvegshússins. Dagskráin hefst kl. 09:00 með ávarpi ráðuneytisstjóra umhverfis- og auðlindaráðuneytis og lýkur með sérstöku öndvegiserindi um norðurslóðarannsóknir.

Skipuleggjandi Norðurslóðadagsins eru Samvinnunefnd umhverfisráðuneytisins um málefni norðurslóða; framkvæmd er í höndum Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar, Rannís, Hafrannsóknastofnunar og Norðurslóðanets Íslands.

Erindi verða flutt á íslensku nema annað sé tekið sérstaklega fram.



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

# Dagskrá

Fundarstjóri: Ingibjörg Jónsdóttir

09:00 – 09:05 Setning málstofu

Bls. | 2

Þorsteinn Gunnarsson, formaður Samvinnunefndar um málefni norðurslóða

9:05 – 09:20 Opnunarávarp

Stefán Thors, ráðuneytisstjóri umhverfis- og auðlindaráðuneytis

09:20 – 09:40 Þorsteinn Gunnarsson, sviðsstjóri mats- og greiningarsviðs RANNÍS

- Vísindasamstarf IASC

09:40 – 10:00 Tom Barry, framkvæmdastjóri vinnuhóps Norðurskautsráðsins, CAFF (in English)

- Vísindasamstarf vinnuhópa Norðurskautsráðsins

10:00 – 10:20 Jórunn Harðardóttir, framkvæmdastjóri úrvinnslu og rannsókna, Veðurstofu Íslands

- Aðkoma og reynsla Ví í alþjóðastarfi, verkefnum og stefnumótun

10:20 – 10:40 Joan Nymand Larsen, deildarstjóri, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar (in English)

- Arctic Human Development and Global Change

10:40-11:00 Kaffihlé

11:00 - 11:20 Halldór Jóhannsson, framkvæmdastjóri Norðurslóðavefgáttarinnar (Arctic Portal)

- Nauðsyn góðs aðgengis gagna og upplýsinga til eflingar þekkingar og aukningar hagkvæmni

11:20 - 11:40 Hreiðar Þór Valtysson, lektor og forstöðumaður Sjávarútvegsmiðstöðvar Háskólags á Akureyri

- NORDMARINE – Samstarfsnet háskóla til að efla sjávarútvegsfræðilega menntun á norðurslóðum

11:40 – 12:00 Elísabet Kemp Stefánsdóttir, MATÍS

- Lífhagkerfi (e. Bioeconomy): Hugtakið og staðan á Íslandi

12:00 – 12:20 Anna Karlssdóttir, aðstoðarprófessor, Háskóla Íslands

- Reynsla af fjölbjóðlegu samstarfi um norðurslóðatengdar rannsóknir – frá fámmenni til ferðamanna

12:20 – 13:30 Hádegishlé<sup>1</sup>

Fundarstjóri: Kristján Kristjánsson, Háskólanum í Reykjavík

13:30 – 13:50 Björn Erlingsson, Veðurstofu Íslands

- Rannsóknir á sjávarflóðum hjá Veðurstofu Íslands og Háskólastetri Vestfjarða

13:50 – 14:10 Hjalti Jóhannesson, sérfraðingur og aðstoðarforstöðumaður, Rannsókna- og þróunarmiðstöð Háskólags á Akureyri

- Samfélagsáhrif stórframkvæmda á Íslandi og Grænlandi og skyldar rannsóknir

14:10 – 14:30 Ólafur Ástþórsson, aðstoðarforstjóri, Hafrannsóknastofnun

- Veðurfar og lífríki á Íslandsmiðum

<sup>1</sup> Hádegisverður er á eigin ábyrgð en bent er á að fjölda matsölustaða er að finna í nágrenni Hafrannsóknastofnunar.

**14:30 – 15:40 Pallborðsumræður um alþjóðlega samvinnu í vöktun, rannsóknum og menntun á norðurslóðum**

**Fundarstjóri: Kristján Kristjánsson, Háskólanum í Reykjavík**

- Hulda Proppé, RANNÍS
- Ingibjörg Jónsdóttir, Háskóla Íslands
- Jón Haukur Ingimundarson, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar
- Jón Ólafsson, Hafrannsóknastofnun
- Þorsteinn Þorsteinsson, Veðurstofu Íslands
- Þorsteinn Ingólfsson, sendiherra norðurslóða á Íslandi

Bls. | 3

**15:40 - 16:00 Kaffihlé**

**16:00 – 16:30 Öndvegiserindi um norðurslóðarannsóknir**

**Edward Hanna, University of Sheffield (in English)**

- *Aspects and Impacts of Arctic Climate Change 1900-2013*

**16:30 – 17:30 Móttaka í boði umhverfis- og auðlindaráðuneytisins**

## Veggspjöld

- **Stofnvistfræði rjúpunnar:** Ólafur K. Nielsen fuglafræðingur og Ute Stenkewitz doktorsnemi, Náttúrufræðistofnun Íslands
- **Ágengar tegundir:** Ásrún Elmarsdóttir plöntuvistfræðingur, Náttúrufræðistofnun Íslands
- **Natura Ísland, IPA-verkefni styrkt af Evrópusambandinu - Flokkun og kortlagning vistgerða og búsvæða dýra og plantna:** Trausti Baldursson, Náttúrufræðistofnun Íslands
- **Innri kraftar og brotahreyfingar í hafíss:** Björn Erlingsson, Veðurstofu Íslands
- **SVALA verkefnið sjálft og einstakir verkliðir þess:** Veðurstofa Íslands
- **SNAPS:** Veðurstofa Íslands
- **Jöklakortlagning með leysimælingum:** Veðurstofa Íslands
- **Jöklakortið:** Veðurstofa Íslands
- **Icewind/Ísvindar:** Veðurstofa Íslands
- **Aðleiðingar loftslagsbreytinga og afleiðingar þeirra (ALA):** Veðurstofa Íslands
- **Climate and Energy Systems (CES) niðurstöðurnar:** Veðurstofa Íslands
- **Sjávarborðsbreytingar við Ísland:** Veðurstofa Íslands
- **Lífhagkerfi (e. Bioeconomy):** Hugtakið og rannsóknir: Elisabet Kemp Stefánsdóttir, Birgit Johannessen, Sigrún Elsa Smáradóttir, Haraldur Hallgrímsson og Sveinn Margerisson, MATÍS
- **Tækifæri til verðmætasköpunar með nýtingu hliðarafurða frá hefðbundinni framleiðslu og vinnslu matvæla:** Rannveig Björnsdóttir, Jónína Þ. Jóhannsdóttir, Sæmundur Eliasson & Þórir Örn Smárason, MATÍS og Háskólinn á Akureyri (Auðlindadeild)
- **The Circumpolar Biodiversity Monitoring Program:** CAFF – The Arctic Council Working Group on the Conservation of Arctic Flora and Fauna
- **Monitoring Arctic Sealife:** CAFF – The Arctic Council Working Group on the Conservation of Arctic Flora and Fauna
- **Arctic Freshwater Biodiversity Monitoring Plan:** CAFF - The Arctic Council Working Group on the Conservation of Arctic Flora and Fauna
- **AON Social Indicators Project: Observing Trends and Assessing Data for Arctic Tourism:** Anna Karlsdóttir, aðstoðarprófessor, Háskóla Íslands
- **Iceland: Hong Kong of the North – emerging of an idea in 1984 of Iceland becoming a hub-harbour for future trans-arctic transport:** Thor Edward Jakobsson
- **Samnorrænt meistaránám: West Nordic Studies – Governance and Sustainable Management:** Kristinn Schram, Rannsóknasetur um norðurslóðir

## Stuttmyndir

The Friendly Arctic er stuttmynd sem Hákon Már Oddsson setti saman úr myndskeiðum úr Canadian Arctic Expedition 1913-1918 sem Vilhjálmur Stefánsson leiddi.

The Status and Trends of Arctic Biodiversity er 20 mínútna heimildarmynd sem vinnuhópur Norðurskautsráðsins um vernd lífríkisins (CAFF, Conservation of Arctic Flora and Fauna) framleiddi í samvinnu við UNEP-GRID Arendal og með stuðningi Norrænu ráðherranefndarinnar.

Myndirnar verða sýndar á meðan á Norðurslóðadeginum stendur og mun gestum gefast tóm til að kynna sér þær betur í kaffi- og hádegishléum.

Nánari upplýsingar veita Þorsteinn Gunnarsson í síma 5155800, netfang: [thorsteinn.gunnarsson@rannis.is](mailto:thorsteinn.gunnarsson@rannis.is) og Embla Eir Oddsdóttir í síma 864 5979, netfang: [embla@arcticiceland.is](mailto:embla@arcticiceland.is)

*Eftirfarandi stofnanir eiga fulltrúa í Samvinnunefnd um málefni norðurslóða*



HÁSKÓLI ÍSLANDS



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS



HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN



UMHVERFISSTOFNUN



HAFRANNSÓKNASTOFNUN